



# Skoðanaskipti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks 26. og 28 ágúst um afgreiðslu sjálfstæðismálsins

---

Bjarni Benediktsson – Skoðanaskipti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks 26. og 28 ágúst um  
afgreiðslu sjálfstæðismálsins

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-9, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþingi 28. ágúst 1942.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir borið fram tillögu í sjálfstæðismálinu og farið fram á það við hina flokkana, að mynduð verði samstjórn allra flokka um þá afgreiðslu málsins, sem í tillögunni fellst, nú á þessu þingi.

Með tillögu þessari um afgreiðslu málsins hefir Sjálfstæðisflokkurinn fallið frá því að afgreiða sjálfstæðismálið á þann hátt, sem boðað var af ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar s.l.vor, með stofnun lýðveldis á Íslandi þegar á komandi hausti.

Framsóknarflokkurinn telur enn sem fyrr nauðsynlegt, að Alþingi standi saman út á við í sjálfstæðismáli þjóðarinnar. En flokkurinn lítur svo á, að með tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem nú liggur fyrir, vinnist ekki neitt í sjálfstæðismálinu umfram það, sem þegar hefir verið gert með ályktunum Alþingis 1941, en á tillögunni hinsvegar verulegir ágallar. Myndun þjóðstjórnar vegna slíkrar meðferðar á sjálfstæðismálinu, telur flokkurinn því ástæðulausa.

Enda þótt það sé ekki beinlínis sjálfstæðismálinu viðkomandi, vill flokkurinn, að gefnu tilefni, taka það fram, að til álita gæti komið, að gera nú ráðstafanir til þess, að endanlega verði hægt að ganga frá skipun æðstu stjórnar lýðveldis á Íslandi með einni samþykkt Alþingis og eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu. En flokkurinn telur áðurnefnda tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem virðist borin fram í þessum tilgangi, ekki aðgengilega.

Framsóknarflokkurinn vill taka það fram, að hann er að sjálf-sögðu enn sömu skoðunar og áður um nauðsyn á samstarfi þingflokka um lausn aðkallandi vandamála þjóðarinnar. Var ýtarlega gerð grein fyrir því viðhorfi í bréfi til hinna þingflokka í byrjun þessa þings. Samstarfi var þá afdráttarlaust hafnað af hálfu hinna þingflokka, og afgreiðslu þingmála þannig hagað, að grundvöllur fyrir slíku samstarfi er nú alls ekki fyrir hendi. Geti hinsvegar þingflokkar þeir, er nú hafa ráðið afgreiðslu mála á Alþingi, á ný myndað grundvöll fyrir samstarfi, mun eigi standa á Framsóknarflokki að gerast þáttakandi í því.

I.

- a) Vilji flokkarnir samsteypustjórn upp á leið P.O.
- b) " " " " " " " " Jakobs M.

2.

Út af skilaboðum frá forsætisráðherra til Framsóknar-  
flokksins meðteknum í dag, viðvíkjandi sjálfstæðismálinu, leyfir  
Framsóknarflokkurinn sér að spyrjast fyrir hjá ríkisstjórninni  
um það, hvaða tillögu um afgreiðslu sjálfstæðismálsins á þessu  
þingi ríkisstjórnin, og þeir þrír flokkar, sem hún styðst við,  
gjöra sameiginlega, eins og málið horfir nú við.

Miðvikudagur 26. ágúst 1942.

3.

I príncepinu ekki fært fara áhættuleið nema allir flokkar  
standi saman um hana, og besta árangurs að vænta með myndun sam-  
steypustjórnar allra flokka um málið.

4.

Erum principielt reiðubúnir til að vera með í allsherjar-  
samstarfi um baráttuleiðina í sjálfstæðismálinu og álitum best  
árangurs að vænta, ef hægt er að mynda einhuga stjórn á grundvelli  
sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og sjálfstæðismálum, er njóti  
stuðnings allra flokka þingsins.

5.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til, að mynduð verði sam-  
stjórn allra flokka, til þess að leysa sjálfstæðismálið samkvæmt  
tillögu, sem kend hefir verið við Jakob Möller og flokkunum hefir  
verið afhent.

Ef flokkur yðar vill ekki aðhyllast þessa leið, er þess  
óskað, að hann segi til um, hvaða leið hann vill fara í málinu.